

Fundur settur kl. 18:00

Mættir eru:

Hlynur Örn Gissurason – formaður TKÍ
Sigursteinn Snorrason – Fjölnir, Hörður, Grindavík, HK, KR, Keflavík, Selfoss, Sindri,
Þór
Ólafur Sigvaldason - Björk
Eduardo Rodrigues – TKÍ Poomse
Auður Anna Jónsdóttir - Björk
Arnar Snær Valmundarson – Afturelding
Jón Levy – Fjölnir
Auður G. Sigurðardóttir – Verkefnastjóri

Fundardagskrá:

1. Umræður um ráðningu á nýjum landsliðsþjálfara senior
 2. Úthlutun á plakötum.
 3. Breytingar á stjórn TKÍ
-
1. Landsliðsþjálfari senior Björn Þorleifur Þorleifsson er ekki lengur við störf og leitar stjórn TKÍ eftir tillögum að nýjum þjálfara. Í millitíðinni þá ætla Sigursteinn Snorrason að sér þjálfun liðsins.
 - Tekin var upp umræða af formanni Bjarkanna varðandi ásakanir á fráfarandi landsliðsþjálfara og umræður sem upp hafi spunnist út frá þeim og biður um skýringar á málunum. Formaður TKÍ svarar fyrir þær umræður. Ástæður uppsagnar voru meðal annars raktar og fleiri mál sem tengist því.
 - Spurt var einnig af fundarmönnum af hverju TKÍ hefur ekki sent frá sér formlega yfirlýsingu á tilteknum atburðum. Formaður tekur fram að yfirlýsing frá TKÍ muni koma fram á næstu dögum.
 - Fyrirspurn einnig frá fundarmeðlimum hvort engin aganefnd sé innan sambandsins sem tekur á svona málum sem og öðrum sem gætu komið upp. TKÍ er að vinna að setja saman aganefnd innan sambandsins en hún er ekki enn tekin til starfa en stendur til að koma henni í gagnið í vetur 2008.
 - Formaður TKÍ er gagnrýndur fyrir að hafa tekið of einhliða ákvörðun um niðurstöðu málsins að láta landsliðsþjálfara fara. Formaður svara því að stjórn TKÍ hafi tekið afstöðu til málsins einróma og hann hafi ekki staðið einn að þeirri ákvörðun. Formaður bendir á að TKÍ verði að reyna að halda í heiðri siðareglur íþróttakennara, þjálfara, kennara og fleiri þess konar fulltrúa og hér telur TKÍ þær siðareglur hafa verið brotnar og hafi tekið ákvarðanir með eðli málsins í huga.
 - Bent er á að reyna að koma þessum málum í lag án þess að það skaði íþróttina eða verði á of persónulegum nótum og þar með verði uppblásið “sorpblaða” efni.

- Reynt verður að taka faglega á málunum til að koma í veg fyrir óþarfa umtal um persónur eða aðstæður.
- Spurt er af fundarmönnum hvernig formaður Bjarkanna mun taka á málunum. Formaður svarar því þannig að á meðan engar sannanir liggja á þeirra borðum heldur Björn áfram að starfa innan félagsins eins og hann hefur gert.
 - TKÍ vill benda á og ítreka og stjórnin hefur ekki bannað fráfarandi þjálfara að keppa, þjálfra eða stunda sína íþrótt áfram eða mun skipta sér af því hver er valinn til að keppa fyrir Íslands hönd í landsliði Íslands í Taekwondo af landsliðsþjálfara.
2. Hvert félag fékk úthlutað 20 plaköt sem þeim er frjálst að nota til að auglýsa sýna starfsemi í sínu bæjarfélagi.
 3. Breytingar á stjórn TKÍ.
 - Halldóra Eldon, og Trausti Valgeirsson létu af störfum sem stjórnarmeðlimir TKÍ nú á haustdögum. TKÍ þakkar þeim kærlega fyrir þeirra störf í þágu sambandsins og íþróttarinnar. Við taka Magnús, Einar og Ófeigur sem fyrsti varamaður – Selfossi, og býður TKÍ þeim velkomna til starfa.

Annað:

- Sigursteinn spyr þar sem hann einn ber nú ábyrgð á landsliðunum báðum þá hvort hann fái einhvern fjárhagsstuðning og annan stuðning við að sinna þessum málum þar sem hann þyrfti að fórna vinnu til að stýra báðum landsliðum, hvort sem það eru ferðir erlendis eða æfingar hér heima. TKÍ biður Sigurstein um að reyna að sýna þeim þolinmæði og lofar samvinnu en biður enn fremur um hugmyndir til að reyna að leysa málið og/eða finna landsliðsþjálfara í staðinn.
- TKÍ óskar eftir tillögum frá félögunum um landsliðsþjálfara senior. TKÍ er einnig að skoða erlendar umsóknir um stöðu landsliðsþjálfara en mun einnig auglýsa eftir stöðunni á næstu vikum.
- Sigursteinn spyr hvort TKÍ hafi skoðað umsóknir um fjárhagsstuðning varðandi uppbyggingu á starfi Taekwondo á Íslandi. TKÍ greinir frá því að þetta mál mun verða tekið upp á næsta fundi stjórnarinnar og senda honum svör fljótlega eftir það. Einnig minnir Sigursteinn á fleiri umsóknir sem TKÍ mun taka fyrir á næsta stjórnarfundi.
- TKÍ bað um tillögur félaganna varðandi skipulagningu norðurlandamótsins en ekkert hefur borist ennþá. TKÍ ítrekar það að félögin sendi inn sínar tillögur svo hægt sé að halda glæsilegt norðurlandamót 2009.

Fundi slitið kl. 19:20